



Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2021
Tilvísun: 2021030177


Efni: Leifsgata 4b - beiðni um að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fái heimild til að beita dagsektum vegna hreinsunar lóðar

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur haft til meðferðar mál vegna úrgangssöfnunar og slæmrar umgengni, á lóð að Leifsgötu 4b. Heilbrigðiseftirlitið hefur gert ítrekaðar kröfur um að eigandi hreinsi lóðina sbr. bréf dags. 2. september, 8. desember 2020 og 4. febrúar 2021, auk annarra samskipta. Um er að ræða timbur, málm-, plast- og annan úrgang á lóðinni sem er til lýta fyrir umhverfið og veldur hljóðmengun.

Þar sem ítrekuðum kröfum hefur ekki verið sinnt óskar Heilbrigðiseftirlitið eftir heimild umhverfis- og heilbrigðisráðs til að leggja á dagsektir til að knýja fram úrbætur sbr. 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rósa Magnúsdóttir
deildarstjóri Umhverfiseftirlits



Reykjavík, 4. febrúar 2021

Tilvísun: 2020060213/25.10

Efni: Loka ítrekun um hreinsun lóðar við Leifsgötu 4B

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) vísar í bréf dags. 2. september og 8. desember 2020 þar sem gerðar voru kröfur um hreinsun lóðar að Leifsgötu 4B. HER hafði borist kvörtun um timbur, málm-, plast- og annan úrgang á lóðinni sem er til lýta fyrir umhverfið og veldur hljóðmengun. Kvörtun var staðfest í eftirlitsferð þann 27. október 2020. Þann 30. nóvember 2020 var komið í eftirfylgniferð til að kanna hvort búið væri að verða við kröfu um hreinsun. Einungis var búið að hreinsa hluta af lausamunum og úrgangi á lóð. Enn mátti þó finna talsvert magn af fyrrnefndum úrgangi á lóð. Ný kvörtun barst HER þann 1. febrúar 2021 og daginn eftir var komið í aðra eftirfylgniferð. Enn var ekki búið að hreinsa lóðina, þvert á móti var búið að bæta úrgangi og lausamunum við. Á lóðinni mátti finna um 4-6 þvottavélar ásamt vélarhlut úr þvottavél, ísskápa, lítinn bát, járngrindur, dekk, slöngur, timbur, plast- og annan almennan úrgang.

Meðfylgjandi bréfi þessu er afrit af eftirlitsskýrslu frá eftirfylgniferðinni þann 2. febrúar 2021 eins og hún var færð inn í skjalaskrárkerfi Heilbrigðiseftirlitsins og myndir sem teknar voru í eftirfylgniferðinni.

Heilbrigðiseftirlitið ítrekar kröfur um að lóðin verði hreinsuð og haldið snyrtilegri. Veittur er loka frestur til 17. febrúar 2021 til að verða við kröfunni. HER hvetur yður til að bregðast skjótt við og hreinsa lóðina þannig að ekki þurfi að koma til frekari aðgerða af hálfu Heilbrigðiseftirlitsins. Vakin er athygli á því að búast má við að komið verði í eftirfylgniferð að fresti loknum til að kanna hvort farið hafi verið að tilmælum um hreinsun. Eftirfylgniferðir eru gjaldfærðar samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlitsins.

Í 18. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti segir: „Eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skal halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði. Ekki má haga hreinsun húsa, húshluta og húsmuna þannig að leitt geti til óþrifnaðar eða ónæðis fyrir aðra“. Þá segir í 12. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs: „Meðferð úrgangs skal vera með þeim hætti að óþrifnaður og óþægindi stafi ekki af. Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að geti valdið skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um stærri og smærri hluti“. Ennfremur segir í 17. gr. sömu reglugerðar: „Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrifnaðarskygni. Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Nefndinni er heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu. “

Vakin er athygli á gr. 61 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir:

61. gr. Dagsektir og verk á kostnað aðila

Þegar aðili sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur heilbrigðisnefnd ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits og skal hámark þeirra ákveðið í reglugerð²⁾ sem ráðherra setur. Jafnframt er heilbrigðisnefnd heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylða ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af viðkomandi heilbrigðiseftirliti en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi.

Þegar verk það sem heilbrigðisnefnd lætur vinna er komið til vegna vanhirðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, lóð eða farartæki er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki í tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

Ef þér hafið einhverjar athugasemdir eða andmæli fram að færa við efni þessa bréfs óskast þær sendar skriflega til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík innan tveggja vikna frá dagsetningu þess.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Ívar Örn Arnason

Sérfræðingur

Meðfylgjandi:

Eftirlitsskýrsla dags. 2.2.2021 frá eftirfylgniferð að Leifsgötu 4B vegna kvörtunar um úrgang á lóð og myndir teknar í eftirliti.

Afrit/Samrit sent:

Myndir teknar þann 2. feb. 2021 við Leifsgötu 4B



